

**Nd.**

## **285. Frumvarp til laga**

um lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

### **1. gr.**

Lestrarfélög utan þeirra kaupstaða eða kauptúna, þar sem amts-, bæjar- eða sýslubókasöfn eru starfandi, og kennslukvikmyndasafn, er stofna skal að tilhlutun fræðslumálastjórnarinnar, skulu njóta styrks samkvæmt lögum þessum.

### **2. gr.**

Frá 1. jan. 1938 skal innheimta skemmtanaskatt með 15% álagi, og skulu tveir þriðju hlutar álagsins renna í sjóð, er nefnist styrktarsjóður lestrarfélaga og er undir stjórn fræðslumálastjóra, en þriðjungur þess rennur til kennslukvikmyndasafns. Um innheimtu álagsins fer samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.

### **3. gr.**

Stjórn lestrarfélags, er styrks vill njóta, sendir fræðslumálastjóra í lok hvers starfsárs reikning yfir tekjur og gjöld félagsins á árinu, ásamt félagsmannaskrá. Ennfremur skýrslu um bókaútlán á árinu, þar sem tilgreint sé, hversu margar bækur hafa verið lánaðar út á árinu og hve mörgum félagsmönnum. Skýrslunni fylgi skrá um bækur, sem félagið hefir eignast á árinu.

### **4. gr.**

Styrkur til lestrarfélags er bundinn því skilyrði, að fyrir liggi yfirlýsing hreppsnefndar í þeim hreppi, þar sem félagið starfar, um að hreppurinn eða sýslan styrki félagið með a. m. k. jafnhárru upphæð og því verði úthlutað úr styrktarsjóði lestrarfélaga fyrir það ár, sem um er að ræða.

### **5. gr.**

Fræðslumálastjóri úthlutar styrk til lestrarfélaga í marzmánuði ár hvert fyrir næsta ár á undan, eftir því sem tekjur sjóðsins hrökkva.

### **6. gr.**

Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga í réttu hlutfalli við innborguð félagsmannagjöld þeirra á árinu, Þó má eigi greiða neinu félagi hærri upphæð en sem svarar 2 krónum fyrir hvern félagsmann, sem árgjald hefir greitt. Fyrsta úthlutun fer fram á árinu 1939.

### **7. gr.**

Lestrarfélög, sem eigi hafa sent skilagreininir samkv. 3. gr. fyrir 1. marz, eiga ekki rétt til styrks.

### **8. gr.**

Lestrarfélögum, sem styrkhæf eru samkvæmt lögum þessum, skal senda árlega ókeypis eitt eintak hverju af Alþingistiðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum hagstofunnar, Lagasafni, Hæstaréttardómum, skýrslum rikisskólanna, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum millipinganeftnda og öðrum opinberum skýrslum, er ríkið og stofnanir þess gefa út. Stofnanir þær, er gefa út rit þessi, skulu annast útsendingu þeirra.

### **9. gr.**

Eigi er styrkhæft lestrarfélag með færri félagsmönnum en 10. Ef starfsemi lestrarfélags virðist vera í miklu ólagi, er fræðslumálastjóra heimilt að svipta það styrk, unz starfseminni hefir verið komið í viðunandi horf.

**10. gr.**

Kennslumálaráðuneytið setur nánari reglur um lestrarfélög og kennslukvikmyndasafn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum.

Kennslukvikmyndasafnið er eign ríkisins, en í reglugerð skal ákveðið um íhlutun þeirra skóla og félaga, sem safnið nota, um stjórn þess og árstíllög eða leigur fyrir myndir.

**11. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.